

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
b.t. viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. apríl 2011

Varðar: 659. mál, lagafrumvarp á 139. löggjafarþingi, þskj. 1172.

Umsögn um frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (fjárhagsleg endurskipulagning og slit) á þingskjali 1172, 659. mál.

Umsagnaraðili: Kaupþing banki hf.

Vísað er til umsagnarbeiðni viðskiptanefndar þann 1. apríl síðastliðinn og framkomins frumvarps efnahags- og viðskiptaráðherra á þingskjali 1172. Frumvarpið hljóðar svo í þeirri mynd sem það hefur verið kynnt Alþingi og umsagnaraðilum:

„Á eftir orðinu „hendi“ í h-lið 2. mgr. 99. gr. laganna kemur: sem hafin var fyrir uppkvaðningu úrskurðar um endurskipulagningu fjárhags.“

Ákvæði h-liðar 2. mgr. 99. gr. laga um fjármálafyrirtæki hljóðar nú svo:

„Um réttaráhrif úrskurðar um endurskipulagningu fjárhags á málshöfðun vegna eignar eða annarra réttinda sem lánastofnun hefur látið af hendi fer eftir lögum þess aðildarríkis þar sem málið var höfðað.“

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu gekk þann 16. mars síðastliðinn dómur High Court of Justice í Englandi um frávísunarkröfur í tveimur málum Rawlinson & Hunter Trustees S.A. gegn Kaupþingi banka hf. („Kaupþing“). Kaupþing krafðist frávísunar málanna m.a. á þeim grundvelli að samkvæmt 4. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 116. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. yrði ekki ekki höfðað mál fyrir dómstólum gegn Kaupþingi á meðan bankinn væri til slitameðferðar. Dómstóllinn, sem er á fyrsta dómstigi, hafnaði frávísunarkröfum Kaupþings aðallega á þeim grundvelli að ekki væri hægt að beita íslenskum reglum um slitameðferð í Englandi, hvað varðar heimildir til málshöfðana á hendur bankanum, þar sem Kaupþing hefði ekki verið í slitameðferð í skilningi enskra laga á þeim tíma þegar málin voru höfðuð, eins og nánar er rakið í dómnum.

Dómstóllinn taldi ennfremur að jafnvel þótt fallist yrði á Kaupþing hefði verið í slitameðferð eða fjárhagslegri endurskipulagningu í skilningi enskra laga og tilskipunar 2001/24/EB um

endurskipulagningu og slit lánastofnana á því tímabili máli skipti, en á það var ekki fallist,¹ þá yrði íslenskum lögum engu að síður ekki beitt um heimild til málshöfðana fyrir enskum dómstólum. Ástæðan væri sú að orðalag h-liðar 2. mgr. 99. gr. laga um fjármálafyrirtæki hefði innleitt ákvæði 32. gr. tilskipunar 2001/24/EB með viðtækari hætti en tilskipunin krefðist. Afleiðingin værl sú að h-liður 2. mgr. 99. gr. laga um fjármálafyrirtæki fæli í sér að það væru lög þess lands þar sem dómsmál er höfðað, en ekki íslensk lög, sem réðu því hvort að dómsmál yrðu höfðuð gegn íslensku fjármálafyrirtæki í viðkomandi ríki eða ekki eftir að úrskurður hefði gengið um slitameðferð eða greiðslustöðvun fjármálafyrirtækisins á Íslandi. Ráða má af dóminum að ef að 32. gr. tilskipunar 2001/24/EB hefði verið innleidd á Íslandi samkvæmt orðanna hljóðan, þá myndu íslensk lög ráða því hvort að dómsmál yrðu höfðuð gegn íslensku fjármálafyrirtæki í ríkjum evrópska efnahagssvæðisins eftir að úrskurður hefði gengið um slitameðferð eða greiðslustöðvun fjármálafyrirtækisins á Íslandi.

Kaupthing telur niðurstöðu enska dómsins um inntak h-liðar 2. mgr. 99. gr. laga um fjármálafyrirtæki vera ranga. Rétt niðurstaða sé sú að íslenskum lögum verði beitt um skoðun á því hvort að málshöfðanir séu heimilar gegn íslensku fjármálafyrirtæki eftir að úrskurður um slitameðferð eða greiðslustöðvun hefur gengið.

Orðskýring ætti að leiða til sömu niðurstöðu (sbr. orðalagið „þar sem málið var höfðað“) sem og samræmissskýring við 32. gr. tilskipunar 2001/24/EB sem hljóðar svo: „Áhrif endurskipulagningarráðstafana eða slitameðferðar á yfirstandandi málaferli er varða eignir eða réttindi sem lánastofnunin hefur látið af hendi skulu falla einvörðungu undir lög aðildarríkisins þar sem málaferlin fara fram.“ Þessu var komið á framfæri við enska dóminn af hálfu Kaupþings, m.a. með sérfræðiáliti íslensks fræðimanns við Lagadeild Háskóla Íslands.

Það er hins vegar ljóst af dóminum frá 16. mars síðastliðnum að ekki var fallist á þessa túlkun en í dóminum segir: „I am wholly unpersuaded that the words „was initiated [var höfðað]“ have any relevance whatever to whether proceedings were pending at the material time“.

Það er að mörgu leyti bagalegt fyrir fjármálafyrirtæki í slitameðferð, svo ekki sé kveðið fastar að orði, að fá jafnafgerandi dóm og raun ber vitni í Englandi. Í fyrsta lagi eru hagsmunir allra stóru íslensku bankanna gríðarlegir í Englandi og sennilega hvergi meiri en einmitt þar, sérstaklega vegna þess hve stór hluti af löggerningum bankanna lýtur enskum lögum og lögsögu enskra dómstóla. Á það t.d. bæði við lánasamninga þar sem bankarnir eru kröfuhafar og eins skuldaskjala þar sem bankarnir eru skuldarar. Dómurinn frá 16. mars síðastliðnum auðveldar málsóknir í enskri lögsögu sem og öðrum erlendum lögsögum. Sennilegt er að margir gagnaðilar bankans vilji heldur láta reyna á ágreining við íslensk fjármálafyrirtæki við eigin dómstóla eða í Englandi heldur en í heimaríki fjármálafyrirtækjanna, Íslandi. Slíkt myndi hins vegar ganga gegn tilgangi og grunnsjónarmiðum 4. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 116. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. um


¹ Dómstóllinn beitti sömu rökum og franskur áfrýjunardómstóll í máli varðandi Landsbankann - sem varð tilefni laga nr. 132/2010 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki.

ekki verði ekki höfðað mál fyrir dómstólum gegn fjármálafyrirtækjum í slitameðferð og myndi jafnframt leiða til verulegs óhagræðis og aukins kostnaðar fyrir fyrirtækin, öllum öðrum kröfuhöfum til tjóns.

Frumvarpið felur í sér að ekki á að vera tækifæri fyrir frekari rangar túlkanir á h-lið 2. mgr. 99. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Breyting sú sem lögð er til með frumvarpinu er mikilvægt skref til þess að bregðast við framangreindum dómi High Court of Justice og í raun nauðsynleg til þess að tryggja samræmda beitingu íslenskra laga innan EES um slitameðferð íslenskra fjármálafyrirtækja í slitameðferð í samræmi við tilskipun 2001/24/EB og eyða öllum vafa um túlkun ákvæðisins. Kaupþing styður frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra í þeirri mynd sem það liggur fyrir viðskiptanefnd og telur mikilvægt að frumvarpið verði afgreitt sem lög frá Alþingi svo fljótt sem verða má.

virðingarfyllst,

fyrir hönd Kaupþings banka hf.



Ólafur Garðarsson, hrl.

formaður slitastjórnar Kaupþings banka hf.